



Verkfræðingafélag Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

fjr@fjr.is

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) vegna áforma um lagasetningu um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009.

Samráðsgátt: Mál nr. S-116/2026.

Verkfræðingafélag Íslands tekur undir meginmarkmið breytinganna um að gera stuðningskerfi nýsköpunarfyrirtækja fyrirsjáanlegra og betur samræmt alþjóðlegum viðmiðum. Stuðningur við rannsóknir og þróun er mikilvæg forsenda nýsköpunar í verkfræði og öðrum tæknigreinum. Félagið vill þó vekja athygli á nokkrum atriðum sem mikilvægt er að hafa í huga við endanlega útfærslu laganna.

Umsóknarfrestir og gildistími staðfestinga

VFÍ styður að umsóknarfrestur verði færður fram og að gildistími staðfestinga geti orðið allt að fjögur ár fyrir langtíma verkefni. Það endurspeglar betur raunverulegan tímaramma stærri þróunarverkefna. Mikilvægt er þó að reglurnar verði nægilega sveigjanlegar þannig að þróunarverkefni sem verða til eftir að rekstarár er hafið falli ekki utan stuðningskerfisins. Umsóknarferlið þarf jafnframt að vera einfalt og skýrt.

Tæknileg sérþekking við mat umsókna

VFÍ styður að umsækjendur fái skýrari réttarstöðu með formlegri kæruleið. Jafnframt er mikilvægt að mat á rannsóknar- og þróunarverkefnum byggist áfram á öflugri verkfræðilegri og tæknilegri sérþekkingu. Það á jafnt við um afgreiðslu umsókna og meðferð kærumála.

Eignarhald, hugverkaréttindi og alþjóðlegt samstarf

Íslensk verkfræði- og tæknifyrirtæki starfa í auknum mæli í alþjóðlegu samstarfi og innan alþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna. VFÍ leggur því áherslu á að reglur um eignarhald og hugverkaréttindi styðji slíkt samstarf án þess að draga úr þeim ávinningi sem rannsóknar- og þróunarstarf skilar íslensku atvinnulífi og samfélagi.

Styrkhæfur kostnaður

Við afmörkun styrkhæfs kostnaðar þarf að tryggja að tekið sé mið af sérhæfðri ráðgjöf og þjónustu sem ekki er í boði hér á landi. Vegna smæðar íslensks markaðar er slík sérþekking oft forsenda þess að þróunarverkefni geti náð fram að ganga.

Samantekt: Tillögur Verkfræðingafélags Íslands

VFÍ leggur til að:

1. Umsóknarkerfið verði nægilega sveigjanlegt þannig að þróunarverkefni sem mótast eftir upphaf rekstrarárs geti notið stuðnings.
2. Verkfræðileg og tæknileg sérþekking verði tryggð við mat umsókna og meðferð kærumála.
3. Reglur um eignarhald og hugverkaréttindi taki mið af því að íslensk nýsköpunarfyrirtæki starfa í auknum mæli í alþjóðlegu samstarfi.
4. Reglur um styrkhæfan kostnað tryggi að sérhæfð ráðgjöf erlendis frá geti áfram talist styrkhæf þegar sambærileg þekking er ekki í boði hér á landi.
5. Endanleg útfærsla breytinganna leiði til einfaldara, skýrara, og fyrirsjáanlegra stuðningskerfis fyrir fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun.

Verkfræðingafélag Íslands þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samráðs. Félagið telur mikilvægt að breytingarnar styrki umgjörð rannsókna, þróunar og nýsköpunar og efli samkeppnishæfni íslenskra verkfræði- og tæknifyrirtækja.

Reykjavík, 7. ágúst 2026.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.